



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA  
FORNLEIFAÐEILD

## Fornleifarannsókn á Hörgsnesi

Gagnaskýrsla  
Unnið fyrir Vegagerðina



**Margrét Hallmundsdóttir**

Maí 2009  
NV nr. 5-09

Náttúrustofa Vestfjarða  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík

Sími: 4567005  
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209  
Netfang: [nave@nave.is](mailto:nave@nave.is)  
Heimasíða: <http://www.nave.is>

1. Inngangur .....	4
2. Markmið og aðferðafræði .....	4
3. Fornleifarannsókn á Hörgsnesi .....	4
4. Niðurstöður .....	5
5. Kort og teikningar .....	6
6. Ljósmyndir .....	9
7. Heimildaskrá .....	10

## 1. Inngangur

Áætlað er að hefja vegaf framkvæmdir frá Eiði í Vattarfirði að Þingmannaá í Vatnsfirði. Samkvæmt vegagerðinni er fyrirhugað að breyta vegstæðinu við Hörgsnes og mun nýja vegstæðið liggja sunnar en núverandi vegstæði. Við þessa breytingu er ljóst að rúst sem stendur rétt fyrir ofan fjöruna verði fyrir raski.

Vegagerðin óskaði þess að fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða tæki að sér að rannsaka rústina í samráði við Fornleifavernd ríkisins til að Fornleifavernd ríkisins gæti ákvarðað með hvaða skilyrðum mætti raska rústinni. Fornleifavernd ríkisins fór fram á að eðli, umfang og aldur rústarinnar yrði athugaður áður en að ákvörðun yrði tekin í málinu.

Fornleifarannsókn fór fram í maí 2009 og sá deildarstjóri fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða, Margrét Hallmundsdóttir, um rannsóknina og sá hún einnig um frágang gagna og skýrslugerð.

## 2. Markmið og aðferðafræði

Rannsóknin hafði ekki önnur rannsóknarmarkmið en að kanna rústina á Hörgsnesi. Rannsóknin var könnunarrannsókn og miðaði að því að fá skilning á eðli byggingarinnar, þ.e. byggingaraðferð, notkun og ef unnt væri, að fá hugmynd um aldur hennar.

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlæggt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þær breytingar sem hafa átt sér stað á uppgraftrarsvæðinu í gegnum tíðina.

## 3. Fornleifarannsókn á Hörgsnesi

Hörgsnes er vestanmegin á Hjarðanesi sem er á milli Vatnsfjarðar og Kjálkafjarðar og tilheyrir nesið að mestu leiti jörðinni Fossá (kort 1). Hörgsnes er klettótt að sjó en á hjöllumunum fyrir ofan það er nesið lyngi vaxið. Nesið ber nafn sitt af stökum kletti sem samkvæmt örnefnaskrá er kallaður Hörg (kort 2).

Í örnefnaskrá eru nefndir tveir minjastaðir, beitarhús og lending (Örnefnaskrá Fossár), en við fornleifaskráningu sem gerð var vegna vegagerðarinnar (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen, 2008) fannst aðeins annar þessara staða, þ.e. lendingin. Líklegt er að beitarhúsin hafi eyðilagst við vegaf framkvæmdir fyrr á árum.

Lendingin er greinileg og er augljóst að grjóti hefur verið rutt úr henni til að auðvelda aðsiglingu. Fyrir ofan lendinguna, í u.þ.b. 30 metra fjarlægð er tvíhólfa rúst og eru bæði hólfín opin í átt til sjávar. Bæði hólfín eru skeifulaga, stærra hólfíð er 12 x 6 metrar og það minna 8 x 6 metrar.

Sú ákvörðun var tekin að setja könnunarskurðinn inn í annað hólfið og grafa ekki í vegg rústarinnar. Veggir rústarinnar voru mjög greinilegir og sást vel hvernig þeir voru byggðir og því var óþarfi að grafa þá fram. Veggirnir eru 50 – 80 cm á þykkt og standa hleðslur í u.þ.b 50 cm hæð. Eingöngu var notað grjót í hleðslurnar og ekki sáust nein merki um torf í þeim.


Skurður var grafinn innan í minna hólfið og var sá skurður 1 x 1 metri. Ekki var talið að þörf væri á að grafa stærri skurð þar sem að rústin er mjög skýr og greinileg. Undir yfirborðstorfi, lagi [1] var dökkbúnt, sandblendið moldarlag [2], um 5 cm á þykkt. Ekki sáust nein merki um mannvist í þessu lagi. Undir því var sandlag [3] sem greinilega var fjörusandur sem rústin var byggð ofan á (Teikn. 1).

#### **4. Niðurstöður**

Rannsóknin leiddi í ljós að tvíhólfa rústin á Höragsnesi er tvö sambyggð naust. Stærra naustið hefur getað geymt bát allt að 10 x 2 metrar að stærð og það minna bát allt að 5 x 2 metrar að stærð. Veggir naustanna voru þannig byggðir að hvorugt þeirra hefur verið undir þaki og ekki sáust nein ummerki sperra, stoðarhola eða annars sem bendir til þakgerðar.

Ekki var hægt að fá nákvæma hugmynd um aldur naustanna en byggt á jarðvegsþykknun í könnunarholunni og ástandi veggja er líklegt að naustið hafi síðast verið í notkun seint á 19. öld og jafnvel í notkun fram á þá 20. Erfitt er að segja til um hvenær það var fyrst byggt því naust eru oft í notkun í talsvert langan tíma og standa lengi óbreytt. Þar af leiðandi er ekki hægt að útiloka að naustin séu nokkur hundruð ára gömul.


## 5. Kort og teikningar



Kort 1. Yfirlitskort.



Kort 2. Staðsetning rústarinnar á Hörgsnesi.



Teikn. 1. Naustin á Hörgsnesi. Gráa svæðið á myndinni er tilraunaskurðurinn.

## 6. Ljósmyndir



Mynd 1. Lag [2]



Mynd 2. Lag [3]



## 7. Heimildaskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1940, *Jarðabók*, VI. bindi, Kaupmannahöfn.

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen, Fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar Vestfjarðarvegur nr. 60, frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmanná í Vatnsfirði, Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 16-08, 2008.

Sóknarlýsing Vestfjarða, I. bindi, Barðastrandasýslur. Reykjavík 1952.